



Fundur háskólaráðs 26. júní 2006

Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 20.06.2006
Dags: 26.06.2006

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

09/2006

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, mánudaginn 26. júní var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Vilhjálms Árnasonar), Eiríkur Tómasson, Inga Jóna Þórðardóttir, Jóhannes Rúnar Sveinsson, Jón Ólafur Skarphéðinsson, Matthías Páll Imsland, Reynir Jóhannesson (varamaður Ernu Kristínar Blöndal) og Rögnvaldur Ólafsson. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

1. Mál á dagskrá

1.1 Stefna Háskóla Íslands. Tillaga að málsmeðferð sbr. umsögn formanna starfsnefnda háskólaráðs um stefnuskjöl deilda og stjórnsýslu HÍ, sem lögð var fram á síðasta fundi.

Rektor gerði grein fyrir málinu var það rætt ítarlega.

- Framlögð tillaga að málsmeðferð samþykkt einróma með lítilsháttar breytingum.

1.2 Húsnæðismál Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, sbr. síðasta fund. Minnisblað lagt fram.

Inn á fundinn kom Auður Hauksdóttir, dósent í hugvísindadeild og formaður bygginganefndar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, og gerði grein fyrir fyrirhugaðri húsbýggingu stofnunarinnar. Málið var rætt ítarlega og svaraði Auður framkomnum spurningum og athugasemdum.

- Háskólaráð samþykkir að leggja fram til byggingar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem nemur allt að 100 m.kr. á ári í 3 ár, frá og með árinu 2008 að telja, samtals 300 m.kr., gegn því að tvöfalt hærra mótframlag fái frá öðrum fjármögnunar- og styrktaraðilum. Framkvæmda- og fjármögnunaráætlun liggja fyrir eigi síðar en um mitt ár 2007.

1.3 Fjárhagsstaða Háskólans 2006, yfirlit eftir fimm mánuði.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, fráfarandi formaður fjármálanefndar háskólaráðs, og gerði grein fyrir framlögðu yfirliti yfir fjárhagsstöðu Háskólans fyrstu fimm mánuði ársins 2006. Málið var rætt og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum. Að umræðu lokinni þökkðu rektor og fulltrúar úr háskólaráði Ingjaldi kærlega fyrir framúrskarandi starf sem formaðurfjármálanefndar háskólaráðs síðastliðin níu ár.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Skipun gæðanefndar háskólaráðs, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir málinu. Tilnefndi rektor eftirtalda fimm einstaklinga í gæðanefnd háskólaráðs til næstu tveggja ára, en Stúdentaráð mun á næstunni tilnefna einn fulltrúa úr hópi framhaldsnema:

Jón Atla Benediktsson, prófessor í verkfræðideild, formann,
Gylfa Zoëga, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild,
Hólmfríði Garðarsdóttur, dósent í hugvísindadeild,
Ingileif Jónsdóttur, prófessor í læknadeild,
Lárus Thorlacius, prófessor í raunvísindadeild.

- Samþykkt samhljóða, en fulltrúi Félags prófessora og Félags háskólakennara tók ekki þátt í atkvæðagreiðslunni sökum tengsla sinna við tilnefndan formann nefndarinnar.

2.2 Drög að umsögn háskólaráðs um drög að formlegum viðmiðum um æðri menntun og prófgráður, skv. 5. gr. nýrra laga um háskóla, sbr. skýrslu starfshóps menntamálaráðuneytis, maí 2006, sbr. fund ráðsins 31. maí sl.

Jón Ólafur Skarphéðinsson, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs, og Anna Pála Sverrisdóttir, fulltrúi stúdenta, gerðu grein fyrir framlögðum drögum að umsögn Háskóla Íslands um drög að formlegum viðmiðum um æðri menntun og prófgráður, en þeim hafði verið falið að taka saman umsagnir deilda og undirbúa afgreiðslu málsins á fundi háskólaráðs 31. maí sl. Málið var rætt.

- Samþykkt að fela rektor að ganga frá umsögninni í samræmi við ábendingar sem fram komu á fundinum.

2.3 Tillaga að reglum um meistara- og doktorsnám í lýðheilsufræðum, sbr. fund ráðsins 31. maí sl.

Inn á fundinn kom Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórnslu, og gerði grein fyrir tillögunni. Málið var rætt og svaraði Þórður framkomnum spurningum og athugasemdum. Fram kom ein breytingartillaga við regludrögin: Við 1. mgr. 20. gr. bætast við orðin „... í samráði við hlutaðeigandi deild.“

- Samþykkt að fela rektor að ganga frá málinu þegar umsagnir deilda liggja fyrir.

2.4 Hugmynd stúdenta að Nýsköpunar- og frumkvöðlasetri Háskóla Íslands, dags. 23. maí sl.

Reynir Jóhannesson, varamaður Ernu Kristínar Blöndal, fulltrúa stúdenta, kynnti málið og var það rætt ítarlega. Lýstu ráðsmenn ánægju með þetta framtak stúdenta og töldu að hér væri á ferð mikilvægt framlag til þess að styðja stúdenta Háskólans og fylgjast með afdrifum þeirra að námi loknu.

2.5 Erindi nemanda í meistaranámi í viðskipta- og hagfræðideild um mat náms, dags. 27. apríl sl. sbr. fund ráðsins 4. maí sl. Minnisblað lagt fram.

Eiríkur Tómasson, fulltrúi félagsvísindasviðs og varaforseti háskólaráðs, skýrði framlagða tillögu að úrskurði háskólaráðs í málinu. Málið var rætt.

- Svohljóðandi úrskurðarorð samþykkt einróma: „Þeirri ákvörðun viðskipta- og hagfræðideildar að synja beiðni Ólafíu Harðardóttur um að taka lögfræðihluta verðbréfavíðskiptanáms, sem hún lauk árið 2001, til mats í stað námskeiðsins *Þættir í lögfræði* er breytt á þann veg að fallist er á að fyrrgreint nám Ólafíu skuli metið í stað umrædds námskeiðs.“

2.6 Tillaga hugvísindadeildar að breytingu á 101. og 103. gr. reglna Háskólans nr. 458/2000, samþ. á deildarfundum 19. júní sl., sbr. tvö bréf dags. 22. júní sl.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Tilnefning í stjórn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sbr. síðasta fund.

Rektor greindi frá því að hún hefði á milli funda háskólaráðs og í samráði við ráðsmenn tilnefnt þrjá fulltrúa Háskóla Íslands í stjórn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, þau Guðrúnu Nordal, prófessor í íslensku, Torfa Tulinius, prófessor í frönsku og miðaldabókmenntum, og Þorstein Vilhjálmsson, prófessor í eðlisfræði og vísindasögu.

3.2 Alhliða Háskóli. Rektorstíð Páls Skúlasonar í Háskóla Íslands 1997-2005. Fylgirit Árbókar Háskóla Íslands 2005.

3.3 Úthlutun úr Tækjakaupasjóði 2006.

3.4 Ávarp rektors við brautskráningu kandiáta 24. júní sl.

Að formlegri dagskrá lokinni færði rektor fráfarandi fulltrúum í háskólaráði kærar þakkir fyrir trygg og farsæl störf í háskólaráði. Færðu ráðsmenn rektor sömuleiðis þakkir fyrir sérlega gott samstarf.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 16.00